

Í þessu skjali eru lykilupplýsingar fyrir fjárfesta um Pacific North of South EM All Cap Equity (sjóðurinn). Upplýsingarnar eru veittar samkvæmt lögum til að auðvelda þér að skilja eðli og áhættu af því að fjárfesta í þessum sjóði. Þetta skjal er ekki markaðsefni. Þér er ráðlagt að lesa bær til að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú viljir fjárfesta.

Pacific North of South EM All Cap Equity | Class EUR I Accumulating hlutabréf

ISIN: IE00BM8QS764

Undirsjóður Pacific Capital UCITS Funds plc
Sjóðsstjóri er Pacific Capital Partners Limited
Undirsjóðsstjóri er North of South Capital LLP

Markmið og fjárfestingastefna

Fjárfestingarmarkmið: Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er langtímaþöxtur eigin fjár.

Fjárfestingarstefna: Litlð er svo á að sjóðnum sé stjórnað með virkum hætti, en það merkir að sjóðsstjórin er ekki bundinn af neinni vísitölu eða viðmiði við val á fjárfestingum. Afkoma þessa sjóðs er mæld í samanburði við vísitöluna MSCI Emerging Markets Gross Total Return Index (i gjaldmiðli flokksins) í þeim tilgangi að reikna afkomubóknum flokksins. Ekki er ætlunin að sjóðurinn fylgi vísitölunni. Sjóðurinn var valinn vegna þess að hann stendur fyrir lágmarks ávöxtun sem búist er við af sjóðnum á tilgreindu tímabilini. Meirihluti fjárfestinga sjóðsins verða ekki í vísitölunni sem miðað er við.

Sjóðurinn leitast við að ná því markmiði með því að fjárfesta aðallega í hlutabréfum og verðbréfum tengdum þeim (eins og kauprétti og arði útgefnum sem forkaupsréttur) í félögum sem skráð eru á eða viðskipti eru með á viðurkenndum mörkuðum í nýmarkaðslöndum, eða sem eru skráð í kauphöll á eða viðskipti eru með á viðurkenndum mörkuðum utan nýmarkaða, en sem sækja megnið af tekjum sínum á nýmörkuðum.

Sjóðurinn tekur aðeins gnöttstöður til fjárfestinga. Hámark fyrirséðrar gnöttstöðu sjóðsins er 115% af hreinu verðmæti eigna hans (100% þein fjárfesting og 15% voguð áhætta). Sjóðnum er einungis heimilt að taka skorstöður til áhættuvarna og hámark fyrirséðrar áhættu í því tilliti er 20% af verðmæti hreinnar

eignar hans. Grunngjaldmiðill sjóðsins er bandaríkjadalur. Hlutabréfaflokkar sem ekki eru í grunngjaldmiðli eru ekki áhættuvavarðir. Sjá nánar undir „Lýsing á áhættu og ávinningi“.

Ekki er heimilt að fjárfesta meira en 20% af hreinu eignavirði sjóðsins á markaðinum í Rússlandi.

Fjárfestingarteymið beitir saman ofansækinni og neðansækinni greiningu fyrirtækja við að byggja upp safn auðseljanlegra og fjölbreytra eigna. Fjárfestingar sjóðsins verða ekki með neina áherslu á atvinnugreinar eða geira.

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til fjárfestinga og/eða skilvirkar stjórnunar verðbréfasafns. Nánari upplýsingar varðandi notkun sjóðsins á afleiðum koma fram í kaflanum um afleiður í viðauka sjóðsins.

Sjóðnum er heimilt að gera endurkaupasamninga og endurhverfa kaupasamninga og samninga um lán hlutabréfa fyrir skilvirku stýringu safnsins.

Fyrirhugað er að fjárfesting í sjóðnum sé langtímafjárfesting, yfirleitt til 7 ára og fjárfestar ættu ekki að búast við að ná skammtíma hagnaði af slíkum fjárfestingum.

Fjárfestar geta keypt og selt hluti í sjóðnum alla daga (nema laugardaga og sunnudaga) sem bankar eru opnir á Írlandi, Bretlandi og í Bandaríkjunum.

Lýsing á áhættu og ávinningi

Minni áhætta
Almennt minni ávinnungur

Meiri áhætta
Almennt meiri ávinnungur

Því er þessi sjóður í þessum flokki? Lægstu flokkurinn merkir ekki að áhættan sé engin. Áhættuflokkur sjóðsins byggir á sögulegum gögnum og ekki er tryggt að hann haldist. Ennfremur má vera að hann sé ekki áreiðanleg vísbinding um áhættumat sjóðsins til framtíðar.

Sjóðurinn er í **flokki 6** því hann er fjárfestur á fjármálamörkuðum og notast er við taekni og gerninga sem geta orðið fyrir mismíklum sveiflum, sem geta leitt til gróða eða taps.

Frekari áhætta sem kann að hafa veruleg áhrif á afkomu sjóðsins er:

- Gjaldmiðlaáhætta** – grunngjaldmiðill sjóðsins er bandaríkjadalur. Hlutabréfaflokkar sem ekki eru í grunngjaldmiðli sjóðsins verða ekki áhættuvavarðir og eru háðir áhrifum af breytingum á gengi á milli gjaldmiðla hlutabréfafloksins og grunngjaldmiðils sjóðsins, sem kann að lækka í virði.
- Áhætta af nýmörkuðum** – Það er eðli nýmarkaða að vera sveiflukenndari og með tilhneigingu til slitrótrar og ófyrirsjánlegrar arðsemi eigna. Það er vegna breytilegra þjóðhagslegra þáttu eins og vaxtaáhættu, lausafjárhættu og pólitískrar áhættu.
- Hlutabréfaáhætta** – Fjárfestingar í hlutabréfum og verðbréfum tengdum þeim felur í sér meiri áhættu og því eru meiri líkur á breytingum á virði þeirra.
- Gagnaðilaáhætta** – Svo getur farið að gagnaðili að fjármálaafleiðu sem ekki eru viðskipti með í kauphöll geti ekki staðið við greiðskuldbindingu sína, komi til greiðsluflalls.
- Vörluáhætta** – Vörluáhætta íslenskum fyrirtækjum kann að tilnefna undirvörluáhætta í tilteknun lögsögum til að fara með eignir sjóðsins. Fjárvörlubjónusta í lögsögu ákveðinna nýmarkaða er enn vanþróuð og því er áhætta af viðskiptum og fjárvörlsu í lögsögu tiltekinna nýmarkaða.
- Landsáhætta** – Rússland Vandræði vegna uppgjöra viðskipta, stjórnunarháttá fyrirtæka, reglna/reglugerða til verndar fjárfestum, opinberra upplýsinga, skattareglina, bankakerfis og stuðnings stjórnvalda við efnahagsumbætur eru dæmi um áhættu sem fylgir þessum markaði.
- Engin tengsl við fyrri árangur** – Ekki ætti að túlka fyrri árangur sjóðsstjóra og/eða undirsjóðsstjóra við fjárfestingar sem vísbindingu um árangur í framtíðinni. Það kunna að vera ólik markmið við fjárfestingar og arðsemi og aðferðir við ráðstöfun fjárfestinga og í sumum tilvikum fjárfestingataekni. Þar af

Fjárfesting í sjóðnum ætti ekki að vera verulegur hluti af fjárfestingasafni og ekki er víst að hún henti öllum fjárfestum.

Tæmandi listi þeirrar áhættu sem á við um þennan sjóð er að finna í útboðslýsingunni og viðaukanum. Upplýsingar um hvernig er hægt að fá eintak er að finna undir „Hagnýtar upplýsingar“.

Gjöld fyrir þennan hlutabréfaflokk

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til að greiða kostnaðinn við að reka sjóðinn, þar með talið kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld draga úr mögulegri ávöxtun fjárfestingarinnar.

Stök gjöld sem reiknast áður eða eftir að þú fjárfestir

Kaupgjald: Engin

Sölugjald: Engin

Gjöld tekin úr sjóðnum á einu ári

Viðvarandi gjald: 0.90%

Gjöld tekin úr sjóðnum við ákveðin tiltekin skilyrði

Afkomuþóknun: Engin

Þau kaup- og sölugjöld sem birt eru, eru hámarksupphæðir sem við kunnum að taka af þínnum peningum áður en þeir fjárfestir og áður en við greiðum út afrakstur af fjárfestingu þinni. Í sumum tilvikum gætir þú borgað minna og þú aettir að ræða við fjármálaráðgjafa þinn um það.

Upphæðin fyrir viðvarandi gjöld er áætluð og getur verið breytileg frá ári til árs. Þar er ekki meðtalinn viðskiptakostnaður og afkomuþóknun, ef einhver eru.

Viðvarandi gjöld taka til gjalda af undirliggjandi sjóðum sem sjóðurinn hefur fjárfest í, ef við á.

Í ársskýrslu verðbréfasjóðsins fyrir hvert fjárhagsár verður lýsing á því hver gjöldin voru nákvæmlega.

Nánari upplýsingar um gjöld eru í kaflanum um „Gjöld og kostnað“ í skráningarlýsingunni og viðauka sjóðsins.

Fyrri afkoma Flokkur EUR I Accumulating Flokkar

EKKI liggja fyrir nægileg gögn um Pacific North of South EM All Cap Equity Share Class til að veita gagnlega vísbendingu um fyrrí ávöxtun.

Afkoma síðustu ára er ekki vísbending um framtíðarafkomu.

Sjóðurinn var stofnaður 22. nóvember 2017.

Ekki er hafin sala á hlutum/einingaflokki.

Hagnýtar upplýsingar

- Varðveislaðili sjóðsins er Citi Depositary Services Ireland Designated Activity Company.
- Pacific Capital UCITS Funds plc, er fjárfestingafélag með breytilegu hlutafé stofnað á Írlandi með skráningarnúmerið 553111 og komið á fót sem regnhlífarsjóði með aðskilda ábyrgð undirsjóða.
- Pacific Capital UCITS Funds plc ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali bessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingarinnar.
- Nánari upplýsingar um sjóðinn og mismunandi flokka hlutabréfa (þar með talið afrit af núverandi útboðslýsingu og nýjustu skýrslu og uppgjöri) eru tiltækar á skráðri skrifstofu sjóðsins. Hægt er að finna hreint eignarvirði á hlut fyrir sjóðinn á slóðinni <http://www.pacificam.co.uk>
- Fjárfestum er heimilt að skipta á hlutum í sjóðnum fyrir hluti í öðrum undirsjóðum Pacific Capital UCITS Funds plc að því gefnu að þeir uppfylli viðmið sem gilda um fjárfestingar í öðrum undirsjóðum. Nánari upplýsingar um skipti er að finna í útboðslýsingunni.
- Um sjóðinn gilda írsk skattalög, sem kann að hafa áhrif á skattastöðu þína sem fjárfestir í sjóðnum. Fjárfestar ættu að ráðfæra sig við eigin skattaráðgjafa áður en þeir fjárfesta í sjóðnum.
- Ítarlegar upplýsingar um launakjör, að meðtalinni en ekki takmarkað við, lýsingu á hvernig laun og ábati eru reiknuð út, og þá einstaklinga sem bera ábyrgð á að veita laun og ábata er að finna á <http://www.pacificam.co.uk> og hægt er að fá pappírseintak ókeypis með beiðni til Pacific Capital UCITS Funds plc.